

SKÓLAR OG MENNTUN
Í FREMSTU RÖÐ



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



Nám í skapandi greinum á framhaldsskólastigi Fýsileikagreining á listmenntaskóla

Rannsóknarmiðstöð Skapandi greina
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Þessi skýrsla er hluti af verkefninu „Menntun í menningargreinum“ í verkefnaflokknum Skólar og menntun í fremstu röð en hann er hluti af Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013. Áætlunin er m.a. fjármögnuð af ríkissjóði samkvæmt sérstökum samningi þar um.

Skýrsluhöfundar:

Júlía Bjarney Björnsdóttir, MSc

Margrét Sigrún Sigurðardóttir, PhD

Brottfallsgreining:

Sveinn Agnarsson, PhD

Kennslufræði:

Hafdís Ingvarsdóttir, PhD

Innihald, skoðanir og niðurstöður eru á ábyrgð skýrsluhöfunda.

Verkefnastjórn Skóla og menntunar í fremstu röð:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, formaður

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness

Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri Reykjavíkurborgar

Björn Þráinn Þórðarson, fræðslustjóri Mosfellsbæjar

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti

Anna Kristín Sigurðardóttir, lektor við menntavísindasvið Háskóla Íslands

Verkefnastjóri: Skúli Helgason

Útgefið af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, maí 2014.

Efnisyfirlit

Verkefnislýsing.....	4
Yfirlit yfir helstu niðurstöður.....	5
Framkvæmd.....	5
Listkennsla á Íslandi.....	8
Listkennsla á framhaldsskólastigi.....	9
Kennslufræðilegt yfirlit.....	10
Námsframvinda og brottfall.....	12
Niðurstöður rýnihópa	14
Aðferðafræði listanna í skólakerfinu	17
Val á framhaldsskóla	18
Skapandi greinar á framhaldsskólastigi – fýsileiki menntaskóla skapandi greina	20
Óbreytt kerfi.....	20
Framhaldsskóli skapandi greina	21
Samstarf bóknámsskóla og sérskóla í listum	23
Viðaukar	26
Viðauki 1: Nám í boði á kjörsviðum listnámsbrauta á framhaldsskólastigi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla	26
Viðauki 2: Skráðir nemendur á framhalds- og viðbótarstigi eftir skólum á höfuðborgarsvæðinu og tegund náms	27
Viðauki 3: Stuttar lýsingar á námsleiðum í listum á framhaldsskólastigi	28
Viðauki 4: Listi yfir úr hvaða framhaldsskóla eða námi núverandi nemendur í Listaháskóla Íslands koma.....	35
Heimildaskrá.....	36

Verkefnislýsing

Sóknaráætlanir landshluta eru unnar fyrir tilstuðlan ríkisstjórnar Íslands, til samræmis við stefnumótun og markmið ríkisstjórnar fyrir Ísland 2020. Sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2013 er unnin samkvæmt samningi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) við fjármála- og efnahagsráðuneytið. Á vegum Sóknaráætlunarinnar er unnið með 16 verkefni sem falla undir þrjú verkefnaflokka, *Vaxtarsamning fyrir höfuðborgarsvæðið*, *Markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins* og *Skóla og menntun í fremstu röð*.

Tilgangur verkefnaflokksins *Skólar og menntun í fremstu röð* er að skilgreina og nýta möguleg sóknarfæri til að efla og samþætta skólastarf á öllum skólastigum. Flokkurinn skiptist í fimm verkefni. Þessi skýrsla er hluti af fimmta verkefninu: *Menntun í menningargreinum*

Verkefnastjórn ákvað að láta meta sérstaklega hvort fýsilegt væri að setja á fót listmenntaskóla á framhaldsskólastigi og útvistaði verkefninu til Rannsóknarmiðstöðvar skapandi greina (RSG) hjá Háskóla Íslands. SSH og RSG gerðu með sér samkomulag í október 2013 um fýsileikagreiningu.

Markmið úttektarinnar var að skoða fýsileika þess að stofna framhaldsskóla í skapandi greinum. Það var gert út frá þremur meginþáttum; aðstæðum skapandi greina, efnahagslegum forsendum og kennslufræðilegum. Greining á efnahagslegum forsendum reyndist erfiðari en áætlað var í upphafi en aðgangur að gögnum reyndist takmarkaður. Rýnihópar og viðtöl voru notuð til að greina aðstæður og viðhorf í skapandi greinum til listnáms á framhaldsskólastigi. Rýnihópar og viðtöl liggja til grundvallar kennslufræðilegri umfjöllun auk þess sem þar er gerð grein fyrir fræðilegri umfjöllun um viðfangsefnið. Til viðbótar er í viðauka að finna yfirlit yfir listmenntun á framhaldsskólastigi á höfuðborgarsvæðinu.

Yfirlit yfir helstu niðurstöður

Markmið þessa verkefnis var að meta fýsileika þess að stofna sérstakan menntaskóla skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu og bera saman við það listnám sem þegar er til staðar á framhaldsskólastiginu. Settar eru fram þrjár mögulegar leiðir: að vinna áfram með kerfið eins og það er, stofnun nýs framhaldsskóla í skapandi greinum, eða að fara blandaða leið – regnhlífarleið, með samvinnu sérhæfðra listgreinaskóla.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að blandaða leiðin, sem þegar er til staðar í nokkrum framhaldsskólum og sérskólum í listum, virðist hafa mestan hljómgrunn. Með meira samstarfi sérskóla í listum væri hægt að ná fram samlegðaráhrifum á milli listanna. Með vel skilgreindu samstarfi sérskóla í listum og bóknámsskóla er mögulegt að byggja á styrkleika beggja kerfa, kenna almennt bóknám í gegnum listir, en njóta um leið þeirrar sterku ímyndar sem sem stúdentspróf af bóknámsbraut hefur. Brottfall í skapandi greinum á framhaldsskólastigi er hátt, en áhersla á nám í gegnum list gæti dregið úr því og þar með kostnaði vegna þess.

Í rýnihópum kom fram sterk áhersla á nám í gegnum list, þar sem bóklegar greinar eru tengdar sköpun. Aðferðafræði listanna gæti í hugum viðmælenda gert nám áhugaverðara og heildstæðara á öllum stigum skólakerfisins. Með því að beita aðferðafræði listanna, og tengja listgreinar hefðbundnum bóknámsfögum töldu viðmælendur að meiri dýpt fengist í námið.

Framkvæmd

Í verkefnalýsingu var ráðgert að byggja hvoru tveggja á megindegum og eigindlegum gögnum. Forsenda efnahagslegrar greiningar var sú að gögn um nemendur í listmenntun á framhaldsskólastigi væru aðgengileg frá yfirvöldum. Efnahagslegur þáttur skýrslunnar er takmarkaðri en upphaflega var ætlað. Þau meginlegu gögn sem fengust voru:

- Nýnemar í listnámi árin 2000 og 2003, brautskráningarhlutfall og brottfall, unnin af Hagstofu Íslands.
- Sambærilegar tölur fyrir framhaldsskóla almennt, unnar af Hagstofu Íslands.

- Atvinnutölur/atvinnuleysistölur og meðallaun þeirra sem lokið hafa námi í listum frá Listaháskóla Íslands, fengið hjá Listaháskóla Íslands úr niðurstöðum kannana sem skólinn lagði fyrir útskrifaða nemendur 2009¹.

Upplýsingar um nemendafjölda í listnámi á framhaldsskólastigi af vef Hagstofu Íslands og úr ársskýrslum og sjálfsmatsskýrslum þeirra skóla sem bjóða upp á listnám á framhaldsskólastigi voru settar fram í umfjöllun um listnámsleiðir í boði á því skólastigi. Þær upplýsingar eru í viðaukum 1-3, en eru ekki notaðar til grundvallar efnahagslegri greiningu. Upplýsingar um úr hvaða skólum eða námi núverandi nemendur hjá Listaháskóla Íslands koma er að finna í viðauka 4.

Til þess að meta viðhorf og félagslegar aðstæður henta eigindlegar aðferðir betur en meginlegar. Vegna takmarkaðs fjármagns og efnislegrar samlegðar við verkefnið *Vaxtarsamningur fyrir höfuðborgarsvæðið – skapandi greinar (1.6.)* var sú ákvörðun tekin að sameina gagnaöflun fyrir bæði verkefnin og nýta þá rýnihópa sem ráðgerðir voru við gagnaöflun um skapandi greinar á höfuðborgarsvæðinu.

Kostir rýnihópa eru þeir að með því að mynda samtali á milli nokkurra einstaklinga myndast umræður sem eru líkari þeim sem verða í samfélaginu (Merriam, 2009). Með rýnihópum er jafnframt hægt að ná til fleiri einstaklinga en með viðtölum, án þess að persónuleg nálgun eigindlegra rannsóknaraðferða tapist, líkt og verður ef spurningalistum er beitt. Með því að nota eigindlega aðferð stýra væntingar rannsækenda ekki niðurstöðum eins og ef notaður væri spurningalisti með fyrirfram skilgreindum spurningum og svörum. Markmiðið með eigindlegum rannsóknum er að sjá þær aðstæður sem til rannsóknar eru með sjónarhorni þátttakenda (Esterberg, 2002; Merriam, 2009). Markmið með eigindlegum rannsóknum er annað en meginlegum og er ekki að alhæfa út frá svörum þeirra sem taka þátt. Þannig er markmiðið hér ekki að lýsa skoðun allra sem starfa² innan skapandi greina, heldur að fá vísbendingu um þá umræðu sem fram fer á milli einstaklinga í skapandi greinum.

Rýnihóparnir voru settir saman í samstarfi við Bandalag íslenskra listamanna, Listaháskóla Íslands og Kynningarmiðstöðvar skapandi greina. Þessir aðilar sendu lista yfir nöfn nemenda eða félagsmanna sinna sem tilbúnir voru til að

¹ LHÍ náði ekki að útvega niðurstöður könnunar 2013 fyrir 14. mars 2013.

² Starfa vísar hér einnig til þeirra sem stunda nám í skapandi greinum

taka þátt í rýnihópavinnu. Rannsakendur höfðu samband við einstaklinga af þeim lista af handahófi. Vegna ófyrirséðra ytri aðstæðna urðu rýnihópar færri en ráðgert var. Hver rýnihópafundur varð þó um leið lengri en upphaflega var gert ráð fyrir. Aðferðafræðilega hefur fækkun rýnihópa þó ólíklega haft mikil áhrif, en metnun varð strax ljós eftir tvo rýnihópa með starfandi listamönnum, og mikill samhljómur var á milli rýnihópanna meðal starfandi listamanna og rýnihópa nemenda LHÍ. Þessi samhljómur bendir til þess að fjöldi rýnihópa hafi fangað þá umræðu sem fram fer milli einstaklinga í skapandi greinum um viðfangsefnið og að innra réttmæti gagna sé gott. Þar sem þátttakendur voru á breiðu aldursbili er reynsla þeirra af framhaldsskólakerfinu misjöfn. Almennu voru skoðanir þeirra sem yngri voru meira afgerandi en þeirra sem eldri eru enda styttra síðan þeir upplifðu framhaldsskólakerfið. Allir viðmælendur höfðu þó skoðun á framhaldsskólakerfinu, og ekki síður grunnskólakerfinu sem þó var ekki sérstaklega til umræðu.

Til viðbótar bentu gögn sem safnað var í öðru samhengi, m.a. í viðtölum við einstaklinga starfandi í tónlist³, til þess að þau viðhorf sem fram komu í rýnihópum væru nokkuð lýsandi fyrir viðhorf listamanna á Íslandi. Þá bendir samanburður við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á efninu einnig til þess að ytra réttmæti rannsóknarinnar sé gott.. Þar ber hæst úttekt Mennta- og menningarmálaráðuneytis á umfangi og gæðum list- og menningarfræðslu á Íslandi 2008-2009 (Bamford, 2011), þar sem úrbótatillögur voru m.a. að stuðla ætti með öflugum hætti að samþættu skapandi námi í gegnum listir,

Eins og fram hefur komið var gagnaöflun fyrir verkefnið unnin samhliða verkefnaflokknum *Vaxtarsamningur fyrir höfuðborgarsvæðið – skapandi greinar*. Spurningar og umræður um listkennslu á framhaldsskólastigi komu því í framhaldi af umræðum um það að búa og starfa innan skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu. Í því samhengi voru umræður um listkennslu ef til vill almennari en ef eingöngu hefði verið spurt um nám á framhaldsskólastigi.

Samtöl í rýnihópum voru tekin upp og afrituð orð fyrir orð eftir að þeim lauk. Niðurstöður voru greindar bæði út frá fyrirfram ákveðnum þáttum svo sem vali á framhaldsskóla og viðhorfum til listkennslu á framhaldsskólastigi. Um leið og afrit voru lesin yfir út frá þessum fyrirfram skilgreindu atriðum voru

³ Úttekt unnin fyrir Kraum tónlistarsjóð, veturinn 2013.

rannsakendur vakandi fyrir öðrum þeim sem lýstu sjónarhorni viðmælenda á viðfangsefninu (Merriam, 2009). Í því samhengi kviknaði umræða um „aðferðafræði listanna“, auk vísbendinga um að viðmælendur upplifðu framhaldsskólann sem millibilsástand.

Í ljósi þess meginmarkmiðs rannsóknarinnar að skoða og greina viðhorf þeirra sem starfa (og nema) í skapandi greinum gagnvart listnámi var áhersla lögð á það að rödd viðmælenda fengi rými í skýrslunni. Því eru beinar tilvísanir í einstaka viðmælendur settar fram í texta auk þess sem vísað er óbeint í einstök svör. Vegna nafnleyndar eru upplýsingar um hvern viðmælenda fyrir sig ekki settar fram og svörum í einhverjum tilfellum hnikað til, til að tryggja að þau séu ekki rekjanleg til tiltekinna viðmælenda.

Listkennsla á Íslandi

Mennta- menningarmálaráðuneytið gerði á árunum 2008 – 2009 umfangsmikla úttekt á umfangi og gæðum list- og menningarfræðslu á Íslandi bæði í formlega og óformlega skólakerfinu. Anne Bamford prófessor (2011). stýrði úttektinni Helstu niðurstöður hennar voru þær að listfræðsla á Íslandi væri góð á alþjóðlegan mælikvarða og nyti víðtæks stuðnings almennings, foreldra og samfélags. Þar kom fram að íslenskt menntakerfi þroski færni og þekkingu í einstökum listgreinum, sérstaklega í sjónlistum, tónlist, handavinnu og textíl, en í minna mæli dansi, leiklist, ljósmyndun og kvikmyndagerð. Í úttektinni var bent á að gera þyrfti greinarmun á *menntun í listum*, þ.e. hefðbundnum listgreinum, og *menntunar í gegnum listir*, þ.e. notkun lista eða listrænna aðferða í kennslu annarra greina. Efla þyrfti skapandi starf í skólum með áherslu á skapandi kennsluaðferðir og skilgreina þyrfti betur mun á listfræðslu, skapandi kennsluháttum og menningarfræðslu (Bamford, 2011).

Sérstakur menntaskóli listanna, listmenntaskóli á framhaldsskólastigi, hefur verið til umræðu innan íslenska menntakerfisins um þó nokkurt skeið. Hjálmar H. Ragnarsson, fyrrverandi rektor Listaháskóla Íslands, kynnti hugmyndina fyrst á opinberum vettvangi árið 2004⁴. Hugmynd hans var stofnun sérstaks menntaskóla listanna sem væri sjálfstæð stofnun undir stjórn listamanna og

⁴ Sjá til dæmis grein í Morgunblaðinu 31. október 2005: *Menntaskóli listanna. Um framtíð listmenntunar á framhaldsskólastigi.*

sérfræðinga í listmenntun. Skólinn hefði það hlutverk að veita nemendum á framhaldsskólastigi menntun í sviðslistum, tónlist og sjónlistum, jafnframt því að veita þeim almenna fræðslu í bóklegum greinum til stúdentsprófs.

Þá unnu Sölvi Sveinsson, fyrrverandi skólastjóri Verzlunarskóla Íslands, og Elfa Hrönn Guðmundsdóttir, skýrslu og rekstraráætlun um listmenntaskóla á árunum 2007-2008, sem kynnt var í umsögn um frumvarp til laga um framhaldsskóla í janúar 2008⁵. Skýrslan er ekki aðgengileg, en í erindi til alþingis⁶ kemur fram að niðurstöður hennar bendi til þess að megingallar núverandi kerfis séu m.a. að námið sé mjög bóknámsmiðað, brottfall hátt, að starfsnám njóti líttillar virðingar, listgreinar séu vanræktar í núverandi kerfi, námsbrautir of skorðaðar, og of lítið samtal á milli skólastiga⁷.

Í nýrri aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla er *sköpun* einn af sex þáttum sem lagðir eru til grundvallar nýrrar menntastefnu og mynda kjarna hennar í framhaldi af setningu nýrra laga árið 2008 um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla⁸. Grunnþættirnir eiga að fléttast inn í allt skólastarf, varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum, og skapa þannig mikilvæga samfellu í öllu skólastarfi⁹.

Listkennsla á framhaldsskólastigi

Í skýrslunni *Skapandi greinar – sýn til framtíðar*, sem unnin var af fjórum ráðuneytum, Íslandsstofu og Samtökum skapandi greina, er meðal annars fjallað um menntun í skapandi greinum (Ása Richardsdóttir, 2012). Höfundar skýrslunnar álykta að gera þurfi ítarlega greiningu á námstækifærum og uppbyggingu námsbrauta í skapandi greinum á framhaldsskólastigi, og í framhaldi af slíkri greiningu fara í stefnumótun í framhaldsskólanámi í skapandi greinum (Ása Richardsdóttir, 2012, s. 38).

Listnám á framhaldsskólastigi er ýmist stundað á skilgreindum listnámsbrautum eða sem frjálst val á framhaldsskólastigi¹⁰. Listnámsbraut er skipulögð sem

⁵ Beiðni um aðgang að skýrslu var hafnað af mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna þess að skýrslan geymir upplýsingar er varða viðskiptalega hagsmuni. Viðskiptaráð geymir skýrsluna.

⁶ Umsögn um frumvarp: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1049>

⁷ Sjá: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1049>

⁸ Lög: nr.90/2008, nr.91/2008 og nr.92/2008.

⁹ Sjá Aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis: <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>

¹⁰ Í námskrá listnáms í framhaldsskóla frá 1999 er fjallað um rök fyrir námssviðinu listum, skipan námsins og vikið að sameiginlegum þáttum náms og kennslu.

Þriggja ára námsbraut en nemendur eiga kost á að ljúka stúdentsprófi eftir að hafa bætt við sig námi í almennum bóklegum greinum. Með námi á listnámsbraut er lagður grunnur að frekara námi í listgreinum í sérskólum eða skólum á háskólastigi. Í núverandi aðalnámskrá framhaldsskóla um listnám eru skilgreind sjö kjörsvið listnámsbrauta: klassískur listdans, nútímalistdans, almenn hönnun, handverkshönnun, margmiðlunarhönnun, myndlist og tónlist. Sérstök námskrá er fyrir kjörsvið í klassískum dansi og nútímadansi. Aðalnámskrá tónlistarskóla tekur fyrir tónlistarkjörsvið.

Í viðauka 1 er að finna yfirlitstöflu yfir framboð á listnámi á framhaldsskólastigi samkvæmt nýrri námskrá framhaldsskóla. Yfirlit yfir fjölda nemenda sem skráðir eru í listnám á framhaldsskólastigi og viðbótarstigi á árunum 2009 - 2011 er að finna í viðauka 2, og stuttar lýsingar á þeim leiðum sem í boði eru í viðauka 3.

Kennslufræðilegt yfirlit

Litlar rannsóknir liggja fyrir um hvað hefur áhrif á val nemenda á framhaldsskólum. Nýleg meistararitgerð í náms- og starfsráðgjöf fjallar um mat á vali nemenda á framhaldsskólum (Svanhildur Svavarsdóttir, 2010). Lagður var spurningalisti fyrir 272 nemendur í 10. bekk grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Meginniðurstöður voru að þrátt fyrir að 51% nemenda hefðu áhuga á verklegu námi völdu 70% bóklegt nám. Þetta er mjög athyglisverð niðurstaða og mikilvæg í umræðu um listnám og sérstakan listnámsskóla. Ennfremur kom fram að upplýsingar um skólana fengju þeir frá ættingjum, foreldrum og svo náms- og starfsráðgjöfum. Skipulegar skólakynningar skiptu máli og mikilvægt að kynna félagslífið. Einnig kom fram að stór hluti nemenda hefur ekki ákveðið hvað hann hyggst gera að námi loknu. Í annarri meistararitgerð sem skoðaði val eftir landshlutum kom fram að mikilvægt væri að kynna betur námsframboð og að nemendur fengju meiri upplýsingar frá foreldrum en skólunum (Olga Sveinbjörnsdóttir, 2012). Einnig þarf að huga að mikilvægi félaga og áhrifa þeirra á þessum árum.

Rannsóknir á framhaldsskólakerfinu á Íslandi hafa sýnt að brottfall er almennt meira úr þeim greinum sem ekki flokkast sem hefðbundið bóknám. Rannsakendur benda þó á að þegar brottfall er skoðað á Íslandi þurfi að taka tillit til stöðu á vinnumarkaði, en sterk hefð er fyrir því að nemendur vinni með

skóla á Íslandi og getur staða á vinnumarkaði því haft áhrif á brottfall (Blondal, Jónasson, & Tannhäuser, 2010).

Þótt einkunnir gefi sterka vísbendingu um námsframvindu á framhaldsskólastigi sýnir rannsókn Kristjönu Stellu Blöndal og Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (Blondal & Adalbjarnardóttir, 2009) fram á að viðhorf til skóla við lok grunnskóla hafi meira að segja um það hvort nemendur ljúki framhaldsskóla. Kristjana Stella og Sigrún hafa jafnframt sýnt fram á að framkoma foreldra við börn hafi forspárgildi um hvort nemendur ljúki námi og mælast áhrif hennar meiri en félagslegur bakgrunnur (socioeconomic status). Börn ákveðinna og umhyggjusamra foreldra voru þannig líklegri til að ljúka námi. (Blondal & Adalbjarnardóttir, 2012).

Í ljósi sterkrar stöðu bóknáms í íslensku samfélagi er þess virði að skoða þá hugmynd að leggja sérstaka áherslu á listkennslu og kennslu í gegnum listir. Sú áhersla væri í samræmi við niðurstöður skýrslu Anne Bamford, sem nefndi meðal annars hversu mikið misræmi væri milli þess hve listir væru vítt skilgreindar á Íslandi og þess hve þröngt þær væru skilgreindar í menntakerfinu. Í fræðilegu samhengi er töluvert deilt um það hvort listkennsla hafi áhrif út fyrir listkennsluna og til eru þeir sem telja að umræða um áhrif þess að kenna listir á önnur fög sé ekki rétt nálgun heldur ætti áherslan að vera á sköpunina sjálfa (Gaztambide-Fernandez, 2013).

Rannsóknir virðast engu að síður gefa til kynna að listnám skili jákvæðum áhrifum í námslegum og samfélagslegum skilningi (Harland et al., 2000) og það að læra í gegnum listir geti þroskað vitsmunahæfni (cognitive skills) sem skilar jákvæðum niðurstöðum í námi almennt (Burton, Horowitz, & Abeles, 2000). Þá hafa rannsóknir á starfi í grunnskólum sýnt fram á að tenging við listir hefur skilað örlítið (en tölfræðilega marktækt) betri námsárangri en nám sem ekki er tengt listum (Smithrim & Upitis, 2005). Rannsakendur töldu að þessi munur stafaði fyrst og fremst af betri þátttöku (engagement). Rannsóknir á langtímaminni benda einnig til þess að það að taka listir inn í kennslu í grunnskóla leiði til þess að nemendur muni námsefni betur yfir lengri tíma (long-term memory) (Rinne, Gregory, Yarmolinskaya, & Hardiman, 2011). Þátttaka í listum virðist einnig sérstaklega jákvæð fyrir nemendur sem eru í áhættuhópum (Anderson & Overy, 2010; Catterall, Dumais, & Hapden-Thompson, 2012). Þetta er í samræmi við niðurstöður úr mati á starfi sjónlistadeildar Myndlistaskólans í

Reykjavík. Þar eru kjarnagreinar skilgreindar samkvæmt aðalnámskrá stærðfræði, íslenska og enska, og eru samþættar sjónlistagreinum. Námskeiðin voru mótuð og þróuð í samstarfi við Kvennaskólann í Reykjavík, en kennd í Myndlistaskólanum sem hluti af sjónlistadeild. Gert var ítarlegt mat á námi við sjónlistadeild Myndlistaskólans fyrsta námsárið 2011 (Inga Þórey Jóhannsdóttir, 2012). Þar kom fram að margir þeirra sem áttu að baki erfiða og árangurslitla skólagöngu tóku miklum framförum og dæmi voru um nemendur sem höfðu skilað þremur gömlum einingum eftir heilan vetur í framhaldsskóla en skiluðu öllum tilskyldum einingum, samtals 35 feiningum¹¹, í sjónlistadeild.

Þessar rannsóknir benda til þess að víðari skilgreining á listkennslu, meðal annars með námi í gegnum listir, gæti dregið úr brotfalli vissra hópa í skólakerfinu.

Námsframvinda og brottfall

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hófu 575 nemendur nám í listum í framhaldsskólum landsins haustið 2000. Svo sem fram kemur í töflu 1, höfðu tæp 46% nemenda útskrifast eftir fjögur ár, 53% eftir sex ár og ríflega 55% eftir sjö ár. Af nemendum sem hófu nám árið 2003 höfðu hins vegar nokkuð færri lokið listnámi eftir fjögur, sex og sjö ár. Hlutfallslega fleiri listnámsnemendur sem hófu nám árið 2000 höfðu útskrifast eftir fjögur ár en þeir sem lögðu stund á almennt bóknám eða verk- og starfsnám, en hlutfallslega færri listnámsnemendur lokið námi eftir sex og sjö ár. Af þeim nemendum sem hófu listnám árið 2003 höfðu aftur á móti mun færri lokið námi á öllum þeim tímabilum sem hér eru til skoðunar. Sérstaklega er munurinn mikill eftir sjö ár. Þá höfðu ríflega 52% listnámsnemenda útskrifast en 10 prósentustigum fleiri nemendur í almennu bóknámi og sjö prósentustigum fleiri nemendur í verk- og starfsnámi.

¹¹ Feiningar = framhaldsskólaeiningar.

Tafla 1 Fjöldi skráðra nemenda í listnám, almennt bóknám og verk- og starfsnám árin 2000 og 2003 og hlutfall þeirra sem höfðu lokið námi eftir fjögur, sex og sjö ár.

	Listnám		Almennt bóknám		Verk- og starfsnám	
	2000	2003	2000	2003	2000	2003
Nýskráning, fjöldi	575	780	3023	3141	1113	1187
Útskrifaðir eftir 4 ár, %	45,9	41,4	43,2	43,6	42,9	45,5
Útskrifaðir eftir 6 ár, %	52,9	50,8	58,7	58,7	54,6	57,0
Útskrifaðir eftir 7 ár, %	55,3	52,3	61,5	62,4	58,7	59,6

Í töflu 2 er brottfall nemenda í listnámi borið saman við brottfall annarra nemenda. Svo sem sjá má er brottfall listnema umtalsvert meira en nemenda í almennu bóknámi, en svipað hjá listnámsnemendum, sem hófu nám árið 2000, og meðal nemenda í verk- og starfsnámi. Hins vegar er brottfall í listnámi töluvert meira hjá nemendum sem hófu nám árið 2003 en hjá nemendum í verk- og starfsnámi.

Tafla 2 Fjöldi skráðra nemenda í listnám, almennt bóknám og verk- og starfsnám árin 2000 og 2003 og hlutfall þeirra sem hafði hætt námi eftir fjögur, sex og sjö ár.

	Listnám		Almennt bóknám		Verk- og starfsnám	
	2000	2003	2000	2003	2000	2003
Nýskráning, fjöldi	575	780	3023	3141	1113	1187
Brottfall eftir 4 ár, %	32,7	35,3	27,1	28,4	32,1	32,7
Brottfall eftir 6 ár, %	34,4	34,4	28,4	26,6	32,7	32,1
Brottfall eftir 7 ár, %	32,7	35,4	28,0	27,9	32,5	29,8

Í töflu 3 er skoðað hversu margir nemendur af árgöngum sem hófu nám árin 2000 og 2003 voru enn í námi eftir fjögur, sex og sjö ár. Mun fleiri sem lögðu stund á almennt bóknám voru enn í námi fjórum árum eftir að þeir hófu nám en þeir sem voru í listnámi eða verk- og starfsnámi. Þessi munur minnkaði þó er frá leið og eftir sjö ár voru hlutfallslega fleiri listnámsnemendur enn í námi en bæði þeir sem voru í almennu bóknámi og verk- og starfsnámi.

Tafla 3 Fjöldi skráðra nemenda í listnám, almennt bóknám og verk- og starfsnám árin 2000 og 2003 og hlutfall þeirra sem voru enn í námi eftir fjögur, sex og sjö ár.

	Listnám		Almennt bóknám		Verk- og starfsnám	
	2000	2003	2000	2003	2000	2003
Nýskráning, fjöldi	575	780	3023	3141	1113	1187
Enn í námi eftir 4 ár, %	21,4	23,3	29,7	27,9	25,0	21,8
Enn í námi eftir 6 ár, %	12,7	14,9	13,0	14,6	12,7	10,9
Enn í námi eftir 7 ár, %	12,0	12,3	10,5	9,7	8,8	10,5

Enda þótt samanburður byggður á tveimur árgöngum segi e.t.v. takmarkaða sögu, virðist eigi að síður sem listnámsnemendur skili sér seinna í gegnum framhaldsskóla en aðrir nemendur. Munurinn er þó tiltölulega lítill í fyrstu en fer síðan vaxandi. Brottfall er meira meðal listnemenda en nemenda í almennu bóknámi og verk- og starfsnámi. Þá voru hlutfallslega fleiri listnámsnemendur enn við nám eftir sjö ár en nemendur í annars konar námi. Þessi samanburður gefur því ekki til kynna að fjölgun nemenda í listnámi gæti dregið úr brottfalli og hraðað nemendum í gegnum núverandi framhaldsskólakerfi. Þvert á móti virðist fremur vera ástæða til að óttast hið gagnstæða.

Í könnun Ingibjargar Kristinsdóttur (2009) á nemendum sem útskrifuðust úr Listaháskóla Íslands árin 2003 og 2006 er m.a. athugað hvaða laun nemendur höfðu árið 2008¹². Í ljós kom að 64% nemenda voru þá með minna en 300 þúsund kr. í laun á mánuði og aðeins 11% með hærri laun en 400 þúsund kr. á mánuði. Samkvæmt gögnum frá Hagstofu Íslands var miðgildi reglulegra launa fyrir fullvinnandi einstakling þá um 278 þúsund kr. á almennum vinnumarkaði en um 290 þúsund kr. hjá hinu opinbera. Miðgildi heildarlauna fullvinnandi einstaklings var þá 375 þúsund kr. á almennum vinnumarkaði en 360 þúsund kr. á opinberum markaði. Miðað við þetta virðast laun fólks sem lauk námi í Listaháskóla Íslands síst vera hærri en launþega almennt.

¹² Ingibjörg Kristinsdóttir. 2009. *Framhaldslíf eftir Listaháskóla Íslands. Útskriftarhópur 2003 og 2006.*

Niðurstöður rýnihópa

Umræður í rýnihópum rímuðu vel við fræðilega umfjöllun um listnám og nám í gegnum listir. Almennt virtist þekking á því sem í boði er á sviði listmenntunar á framhaldsskólastigi vera glöppótt.

Í umræðum um framhaldsskóla kom samstarf Myndlistaskólans í Reykjavík og Kvennaskólans, sem og starf Fjölbrautaskólans í Breiðholti fyrst upp. Auk þeirra tveggja voru Borgarholtsskóli og tónlistar- og listdansbrautir Menntaskólans við Hamrahlíð nefndar. Það var áhugavert að í rýnihópunum var skólinn í Mosfellsbæ ekki nefndur, þó að Mosfellsbær sem bæjarfélag hafi komið upp í umræðum. Hugsanlegt er að ekki sé komin næg reynsla á skólann, en listabrautin í framhaldsskólanum í Mosfellsbæ er stutt braut, 90 feininga braut, og hafa tveir nemendur útskrifast úr skólanum af henni¹³. Nýnæmis vandi virðist þó ekki gilda um framhaldsskóladeild Myndlistaskólans í Reykjavík, en líklegt er að hann njóti þeirrar ímyndar sem almenningsfræðsla hefur byggt upp í rúmlega hálföld.

Það var skoðun þeirra sem þátt tóku í rýnihópum að töluvert vantaði upp á sérhæfingu fyrir skapandi greinar. Núverandi kerfi var talið bjóða upp á vissa sérhæfingu og voru Borgarholtsskóli, Versló, MR og Tækniskólinn (Iðnskólinn) nefndir sérstaklega í því samhengi. En þegar kæmi að skapandi störfum þótti núverandi kerfi ekki standa undir væntingum.

Ég held að þetta sé svolítið vandamál með marga sem eru í skapandi störfum að þeir eru að bögglast í menntaskóla eða einhvers staðar þar sem þeir hafa engan áhuga á, sjá engan tilgang með, til þess að fara að gera það sem þau langar til að gera.

Þó að margir viðmælendur hefðu farið hefðbundnu leiðina í gegnum framhaldsskóla og útskrifast með stúdentspróf í bóklegum greinum voru líka margir sem höfðu ekki fundið sig í framhaldsskólakerfinu og farið á milli skóla og fagleiða áður en þeir fundu leið sem hentaði þeim til að klára stúdentspróf. Sjálfur virtist hópurinn því telja brottfall, að minnsta kosti að hluta til, vera vegna þess hversu erfitt væri að finna vettvang þar sem þeir næðu að finna sig í sköpun og ljúka þeim einingum sem til þyrfti til að ljúka stúdentsprófi.

Einn af þessum nemendum sem hafði loks fundið sinn farveg á listnámsbraut í MH lýsti því með eftirfarandi orðum:

¹³ Listabrautin er stutt (90 fein) braut sem lýkur ekki með neinu formlegu prófi. Langflestir nemendur sem hafa verið á listabraut taka stúdentspróf af annað hvort félags- og hugvísindabraut eða náttúruvísindabraut samhliða listabrautinni. Tveir nemendur hafa útskrifast af listabraut með 90 fein – skv. Guðrínu Guðjónsdóttur aðstoðarskólameistara.

Það eru ekkert lausnir fyrir alla, en ég var rosalega ánægð með að það var algjörlega komið til móts við mig og ég fékk að klára þetta á þann hátt sem hentaði best.

Hér sést að þó að þessi leið hentaði viðkomandi vel, þótti ekki augljóst að þessi leið hentaði öðrum, hugsanlega þar sem námið er fremur einstaklingsmiðað og þarf nemandinn sjálfur í samráði við skólana tvo, MH og Listdansskólann, að setja saman einingar sem uppfylla kröfur til stúdentsprófs. Leiðin í gegnum framhaldsskóla virðist því ekki vera jafn bein og fyrir nemendur sem velja bóknámsleiðina, þar sem hægt er að fylgja fjöldanum.

Brottfallsvandinn í framhaldsskólum kom jafnframt óbeint upp í umræðum um umsækjendur í listnámi. Kennari við Listaháskólann lýsti þeirri reynslu sinni að tala ár eftir ár við hæfileikaríka umsækjendur sem vantar mjög lítið upp á skyldunám til að ljúka stúdentsprófi:

Svo er það bara svo að ef við höfum tekið fólk sem stendur svona [vantar einingar upp á stúdentspróf] inni skólann þá kemur oftast en ekki í ljós að það er vel hægt að kenna þeim þetta, en við [Listaháskólinn] eigum bara ekki að þurfa að gera það.

Fleiri viðmælendur höfðu reynslu af því að kenna í Listaháskólanum eða fara yfir umsóknir og töldu þeir að þessi vandi, að hæfileikaríkir umsækjendur hefðu ekki stúdentspróf, færi minnkandi, a.m.k. í sjónlistum (myndlist og hönnun), með Myndlistaskólanum í Reykjavík og þeim áherslum sem þar væri beitt. Í viðauka 4 má sjá töflu yfir það hvaðan núverandi nemendur í LHÍ koma, en flestir núverandi nemendur LHÍ koma úr MH (18,8%)¹⁴.

Samþætting sérhæfingar í listnámi og framhaldsskólanámi getur verið erfið á unglingsárum, þegar einstaklingur sem til að mynda hefur stundað tónlistarnám er mun lengra kominn í tónlist en í bóklegum fögum.

Það er þessi tímalína, það sem er erfitt við tónlistina [...] en tónlistarfólk er orðið miklu flinkara miklu fyrr þegar það er að læra tónlist. Og útaf grunnnáminu, af því það fer í svona grunnnám eins og hjá tónmenntaskólanum, sem er bara frábært, og er bara komið langt á undan jafnöldrum sínum í sínu fagi þegar það er 18 ára. Það gæti svo auðveldlega farið inni háskóla.

¹⁴ Ekki reyndist unnt að fá tölur frá LHÍ fleiri ár aftur í tímann en fyrir núverandi nemendur og ekki af hvaða braut úr hverjum skóla nemendur koma.

Viðhorfið hér er þannig að sérhæfingu vanti í skólakerfið, þó að kennsla með formerkjum listanna henti ekki öllum, þá töldu viðmælendur að sérhæfing á sviði lista myndi leysa vanda þeirra sem hafa hæfileika á sviði lista en finna sig ekki í hefðbundnu bóknámi.

Aðferðafræði listanna í skólakerfinu

Það kom skýrt fram í umræðum rýnihópa að það sem viðmælendur kölluðu „aðferðafræði listanna“ gæti gert nám áhugaverðara og heildstæðara á öllum stigum skólakerfisins. Með því að beita aðferðafræði listanna, og tengja listgreinar hefðbundnum bóknámsfögum töldu viðmælendur að meiri dýpt fengist í námið.

Af hverju er ekki í samhengi, það er til dæmis ótrúlega skemmtilegt að læra stærðfræði í samhengi hönnunar. Það er hægt að læra að reikna og búa hluti til jafnharðan.

Aðaláherslan í umræðum um aðferðafræði listanna var þannig á huglæga þætti, svo sem samþættingu og tengingar í hugsun. Kallað var eftir hugmyndasögu í námi á öllum stigum þar sem áhersla væri lögð á að eitt hefði áhrif á annað og hvernig listir og stjórnsmál fléttast saman í mannkynssögunni.

Þetta þarf nú ekki alltaf að snúast um kennslu í svona *hands on* dóti. Það væri líka hægt að skoða það hvernig hægt væri að kenna einhvers konar sögukennslu lista- og menningar inni grunnskólana.

Í þessu samhengi töldu viðmælendur að þeir einstaklingar sem alist hefðu upp erlendis stæðu betur að vígi en þeir sem eingöngu hefðu alið manninn á Íslandi:

Maður sér þetta vel þegar það koma nemendur erlendis frá í framhaldsskóla eða Listaháskólann sem hafa búið erlendis, íslenskir, tala íslensku, en eru með fjölskyldum sínum erlendis á mótunartíma. [Þeir]hafa alist upp í umhverfi þar sem þú getur tekið eitthvað inn, [...] hafa [haft] stílbreytingar og hugmyndasögu í kringum sig...

Sú skoðun kom jafnframt fram að þekking á listum og aðferðafræði lista nái ekki eingöngu til þeirra sem ætla að starfa í skapandi greinum í framtíðinni, heldur sé hún ekki síður mikilvæg þeim sem í framtíðinni njóta þeirra:

Ef að myndlistarsaga væri eðlilegur hluti af öðrum greinum í grunnskóla og framhaldsskóla þá myndum við ekki lenda í þessum vandræðalegu uppákomum til dæmis í dagblöðum þegar það er verið að fjalla um, þá sjaldan, myndlist, að þá er verið að fjalla um eitthvað mjög lítilmótlegt við hliðina á vandaðri list og það haft að jöfnu.

Hugmyndafræðin hér er því að læra í gegnum listina, frekar en listnám eitt og sér, og rímar við aðgreiningu Anne Bamford (2011).

Val á framhaldsskóla

Í rýnihópaviðtölum komu fram ýmis sjónarmið fyrir vali á framhaldsskóla, sem ríma við niðurstöður kennslufræðirannsókna. Foreldrar virðast hafa mikil áhrif á val nemenda. Í rýnihópunum kom fram að *gömlu skólarnir* eru oft í miklum metum hjá foreldrum og þá gjarnan gömlu skólarnir þeirra. Við spurningunni um hvort þeir sem farið höfðu bóknámsleiðina hefðu íhugað að velja listnám á framhaldsskólastigi svaraði einn viðmælandi því til að foreldrar hans hefðu ekki tekið það í mál:

Af því að þá var ég að sóa háu meðalskori á samræmdu prófunum, að fara bara í einhvern fjölbrautaskóla. Þannig að valið var þrengt hjá mér.

Í samræmi við aðrar rannsóknir á vali á framhaldsskóla skiptu aðstæður eins og búseta máli, og hafði til dæmis þannig áhrif á val aðila sem einnig hafði íhugað listnám:

Ég valdi til dæmis bara framhaldsskóla út frá því hvað var styst heiman frá mér. Ég bjó í miðbænum og ég sá ekki fyrir mér að fara uppí Breiðholt í fjölbrautaskóla, en ég vildi fá stúdentspróf til að geta sótt um uppí Listaháskóla.

Hjá þeim yngri virtist félagslífið hafa mikil áhrif í vali á skóla og nokkrir viðurkenndu að hafa valið skóla eingöngu út frá kynningu á félagslífi:

Ég valdi Verzló bara útaf söngleikjunum, mér fannst námið alveg glatað og gerði allt sem ég gat til að taka sem minnst af stærðfræði og allt svoleiðis,

en ég valdi það einmitt bara af því að þau voru með einhverja sjúklega fína kynningu á félagslífi og söngleikjum.

Annar viðmælandi tók í sama streng:

Ég var í Verzló því ég ætlaði að vera leikkona. Svo hætti ég við [að verða leikkona]. Það var svoldið svona out of character [að vera í Verzló] en ég kláraði það.

Verzlunarskólinn var þó ekki eini skólinn sem laðaði nemendum að út frá félagslífi. Stúdent frá MH sagðist hafa valið þann skóla vegna frímínútnanna og félagsskaps, en ekki innihalds námsins.

Bæði getur þroski nemenda á þeim árum sem þeir þurfa að velja svo og oft takmarkaðar upplýsingar ráðið því að nemendur velja ekki nám sem hentar þeim og voru viðmælendur meðvitaðir um það:

En í alvöru talað þegar þú ert 16 ára og týndur og það er þarna einhver skóli sem býður uppá allskonar list, fullt af alls konar, það myndu svo margir leita í það.

Í rýnihópum skapaðist umræða um það að stunda listsköpun eða listnám meðfram framhaldsskóla, og komu upp mörg dæmi þess að þeir sem farið höfðu bóknámsleiðina til stúdentsprófs höfðu dottið út úr listsköpun:

Ég reyndar var í tónlistarskóla þegar ég var yngri. Svo var ég svoldið seinn að kveikja á þerunni, fór á einhverja gelgju og hætti og var í því öllu, og mig minnir að þegar ég byrjaði aftur í tónlistarskóla hafi ég verið kannski orðinn 18 og búinn að vera aðeins í framhaldsskóla.

Þetta átti ekki eingöngu við um tónlist, heldur sögðust viðmælendur einnig hafa hætt að teikna á þessu tímabili. Það voru þó ekki allir sem höfðu dottið út úr listinni á menntaskólaárunum og eitt dæmi var um að nemandi segðist hafa „flúið“ inn í tónlistina til að lifa menntaskólann af.

Ómögulegt er að alhæfa út frá rýnihópum, en hugsanlegt er að brottfall úr listnámi á framhaldsskólastigi verði vegna þess að samþætting listnáms í gegnum sérskóla er ekki eins mikil á framhaldsskólastigi og í grunnskóla. Í skýrslu Anne Bamford kemur fram að aðsókn í tónlistarskóla minnkar hlutfallslega á unglingsárunum og að kanna þurfi hvaða áhrif kostnaður í

tónlistarnámi hefur í þessu. Áhyggjur vegna minnkandi kennslu í tónmennt á grunnskólastigi og mikils og síaukins kostnaðar við að senda börn í tónlistarskóla voru áberandi meðal viðmælenda og rýnihópa og óttuðust margir að til dæmis sá árangur sem Íslendingar hafa náð í tónlist vari ekki lengi ef sú þróun haldi áfram. Einn viðmælandi komst svo að orði:

Við verðum ekki með Airwaves eftir 30 ár. Það verður bara búið. Í alvöru, við erum með Airwaves útaf þessu [tónlistarskólakerfinu].

Skapandi greinar á framhaldsskólastigi – fýsileiki menntaskóla skapandi greina

Markmið þessa verkefnis var að meta fýsileika þess að stofna sérstakan menntaskóla skapandi greina á höfuðborgarsvæðinu og bera saman við það listnám sem þegar er til staðar á framhaldsskólastiginu. Hér verða settar fram þrjár leiðir sem færar eru: að vinna áfram með kerfið eins og það er, stofnun nýs framhaldsskóla í skapandi greinum, eða að fara blandaða leið – eins konar regnhlífarleið með samvinnu sérhæfðra listgreinaskóla og bóknámsskóla.

Óbreytt kerfi

Vissir framhaldsskólar eiga sér langa sögu í listkennslu á framhaldsskólastigi. FB hefur um árabil boðið upp á kennslu í myndlist og handíð, MH býður upp á listnámsbrautir í samstarfi við sérskóla í tónlist og dansi. Iðnskólinn og Tækniskólinn veita nám í hönnunargreinum í víðum skilningi. Þá eru í boði almennar listabrautir eins og FG og FMOS bjóða uppá. Einkaskólar með skólagjöldum sinna síðan tilteknum greinum, eins og Kvikmyndaskóli Íslands, Ljósmyndaskólinn, Myndlistaskóli Reykjavíkur, tónlistarskólar og dansskólar.

Samfélagsleg atriði:

- Þetta kerfi hefur þegar unnið sér inn ákveðinn sess, og skólarnir hafa flestir haft tíma til að byggja upp ímynd sína. Það loðir sterkt við framhaldsskólakerfið að áherslan hefur verið á bóknám.

- Áhersla foreldra á gömlu skólana virðist enn standa í vegi fyrir því að nemendur velji listbrautir í framhaldsskóla.

Kennslufræðileg atriði:

- Kennsla innan núverandi kerfis fer fram innan skóla sem einnig bjóða upp á bóknám. Nemendur sem sækja nám í skapandi greinum þurfa því ekki að yfirgefa vinnuhópin til að stunda nám í listum.
- Nám í gegnum listir er kennslufræðilega mikilvægt til að minnka brottfall nemenda í listnámi, en listgreinar innan bóknámsskóla bjóða ekki endilega upp á þann möguleika
- Í núverandi kerfi er skipulag listnáms á framhaldsskólastigi flókið og fellur til að mynda undir mismunandi námskrár. Nemendur þurfa oft að finna sjálfir leiðir til þess að stunda nám á því sviði sem þeir hafa áhuga á innan kerfisins.

Efnahagsleg atriði:

- Kostnaður við að viðhalda núverandi kerfi er minni en að byggja upp nýjan skóla, sem nýtur trausts samfélagsins og þá sérstaklega foreldra.
- Brottfall er þó mikið úr námi í skapandi greinum og einstaklingar lengi í skólakerfinu áður en þeir ljúka námi eða hætta alveg. Það hefur kostnað í för með sér fyrir samfélagið.

Framhaldsskóli skapandi greina

Ef stofnaður yrði sérstakur skóli skapandi greina væri forsenda fyrir því að allar listgreinar, öll kjörsviðin samkvæmt nýrri námskrá, yrðu kennd í einum og sama framhaldsskóla. Umræða um sérstakan skóla skapandi greina, eða „fame“ skóla kom upp hjá rýnihópunum og olli yfirleitt nokkurri kátínu. Það var þó mjög misjafnt eftir aldri viðmælenda hvort þeir voru jákvæðir eða neikvæðir gagnvart slíkum skóla, og voru yngri viðmælendur almennt jákvæðari.

Þá vakti hugmyndin um framhaldsskóla skapandi greina alltaf umræður um aðferðafræði listanna og aðra kennslufræðilega nálgun. Þá sáu viðmælendur mikla möguleika í því að samþætta nám í fleiri en einni listgrein undir sama þaki,

en með slíkri uppbyggingu mætti byggja enn frekar á þeim styrkleika sem að mörgu leyti felst í smæð landsins¹⁵.

En eins og fram hefur komið virðist samfélagslegur stuðningur þó fyrst og fremst vera við hefðbundið bóknám. Hugmyndin um sérstakan skóla skapandi greina þótti því áhugaverð, en fátt í umræðum rýnihópa bendir til að slíkur skóli þætti raunverulega fýsilegur kostur í núverandi efnahags- og samfélagsástandi.

Samfélagsleg atriði:

- Samlegðaráhrif þess að kenna saman fleiri en eina grein innan skapandi greina gætu orðið mikil. Með því að tengja saman nemendur sem stunda nám í tónlist, dansi, leiklist og kvikmyndagerð strax í menntaskóla gæti það orðið frjór vettvangur nýsköpunar þegar einstaklingar úr hópnum fara út á vinnumarkaðinn.
- Áherslan á bóknámsskóla er mikil og áhrif foreldra á þá leið að óvíst er að nemendur hefðu stuðning við að sækja um í nýjum skóla skapandi greina.

Kennslufræðileg atriði:

- Með því að kenna almenn fög í gegnum listina er hugsanlegt að nemendur sem annars hefðu átt erfitt uppdráttar í bóknámskerfinu nái að fóta sig og ljúka stúdentsprófi með sóma og brottfall í listnámi minnki þannig.
- Með því að kenna fleiri en eina listgrein saman binda nemendur sig ekki strax við tiltekna listgrein, en erfitt getur verið fyrir 16 ára nemanda að vita hvaða listgrein hentar viðkomandi best..
- Með sérstökum skóla skapandi greina verða upplýsingar um listnám skýrari. Sem aftur gæti dregið úr því að nemendur velkist um í kerfinu áður en þeir finna leið sem hentar þeim til að klára. Þannig verður til skýr og einföld leið í gegnum kerfið sem einnig gæti leitt til minna brottfalls.

Efnahagsleg atriði:

- Það er dýrt að byggja upp nýjan skóla sem óvíst er að njóti stuðnings í samfélagi sem er mjög bóknámsmiðað.

¹⁵ Niðurstöður verkefnis um vaxtarmöguleika skapandi greina, fyrir SSH undir sama hatti og þetta verkefni, benda til þess að hvort tveggja, tækifæri og ógnanir, felst í smæðinni.

- Kostnaður vegna brottfalls gæti þó minnkað með breyttum kennslufræðilegum áherslum.

Samstarf bóknámsskóla og sérskóla í listum

Þriðja leiðin væri að byggja upp samstarf sérskóla í listum og framhaldsskóla í bóknámi, nokkurs konar regnhlífaruppsetning. Slíkt samstarf er ekki nýtt af nálinni. Í listgreinavali skóla sem bjóða uppá listabrautir er oftast en ekki um samstarf við viðurkennda sérskóla í vissum listgreinum að ræða. Í rýnihópunum vakti hið nýja samstarf Myndlistaskólans og Kvennaskólans mesta athygli og þótti jákvætt skref í framboði á listnámi og sérhæfingu. Þetta átti sérstaklega, en alls ekki eingöngu, við um viðhorf þeirra viðmælenda sem hafa reynslu af því að kenna í LHÍ.

Þau koma bara ofsalega vel undirbúin í hönnun og teikningu og allt sem þau þurfa. Við finnum mun strax. Fólki sem ekki er með gráðurnar eða einingar sem til þarf, þeim fækkaði verulega.

Sami viðmælandi hefði sett fyrirvara á það að allir nemendur ættu að hafa sama undirbúning og að teikning væri ekki það eina sem skipti máli. En hér virðist þó skipta máli að einkaskóli á borð við Myndlistaskólann hefur tækifæri til þess að velja nemendur inn á annan hátt en opinberir skólar, og getur það skilað aðstæðum þar sem hæfileikaríkir einstaklingar fá stuðning hver af öðrum til að þróa hæfileika sína enn frekar.

Umræður í rýnihópum þessarar rannsóknar sýna að ljóst er að um mjög áhugaverða leið er að ræða í listnámi á framhaldsskólastigi. Þarna er ef til vill kominn vísir að leið, eins og bent er á í matinu, fyrir þá sem ekki hafa átt auðvelt uppdráttar innan skólakerfisins hingað til og finna þarna leið sem þeim þykir ákjósanleg. Í augnablikinu er þessi leið þó fremur óljós í kerfinu. Hugsanlegt væri að auka samstarf á milli sérskólanna í listum og gera þessa blönduðu leið þar með sýnilegri í framhaldsskólakerfinu. Með samstarfi sérskólanna og ef til vill samnýtingu á aðstöðu væri hægt að brúa bilið á milli áherslunnar á bóknám og sérhæfingar í listum byggt á sterkri ímynd bæði sérskólanna og framhaldsskólanna.

Samfélagsleg atriði:

- Sterk ímynd sérskóla í listum, sem og framhaldsskóla þar sem stúdentspróf er tekið í samstarfi við listaskóla, vegur upp á móti áherslu á bóknám.
- Með meira samstarfi sérskóla í listum væri hægt að ná fram samlegðaráhrifum sem skapast geta á milli listanna.
- Kostnaður við nám í skapandi greinum með þessum hætti, með samstarfi sérskóla í listnámi og framhaldsskóla, verður þó alltaf meiri fyrir nemendur, þar sem sérskólar eru oftast en ekki háðir skólagjöldum.
- Með því að styrkja stöðu listnáms á framhaldsskólastigi í gegnum samstarf sérskóla og framhaldsskóla lyftir það umræðu um listnám á framhaldsskólastigi almennt.

Kennslufræðileg atriði:

- Með vel skilgreindu samstarfi sérskóla í listum og bóknámsskóla er mögulegt að byggja á styrkleika beggja kerfa, kenna almennt bóknám í gegnum listir, en njóta um leið þeirrar sterku ímyndar sem stúdentspróf af bóknámsbraut hefur.
- Vel skilgreint samstarf þar sem hluti náms fer fram í bóknámsskólum getur jafnframt gert það að verkum að nemendur sem velja að stunda listnám þurfi ekki í öllum tilfellum að yfirgefa félagi úr grunnskóla og geti fylgt þeim eftir að hluta.

Efnahagsleg atriði:

- Fjárfesting í uppbyggingu sérskóla í listum hefur þegar átt sér stað og með þessari leið er hægt að nýta hana á þann hátt að nemendur ljúki stúdentsprófi í samstarfi við bóknámsskóla.
- Kostnaður vegna brottfalls gæti þó jafnframt minnkað með breyttum kennslufræðilegum áherslum og skýrt skilgreindum leiðum til stúdentsprófs með listnámi.

Hér hefur tveimur nýjum líkönum um eflingu listkennslu á framhaldsskólastigi verið lýst, sérstökum listframhaldsskóla og öflugum listabrautum, tengdum hefðbundnum bóknámsskólum. Kennslufræðilega gætu bæði líkönin sem nefnd

eru virkað. Hvort tveggja byggist þó á að bóklegar greinar verði kenndar með öðrum hætti en nú er algengast bæði hvað snertir efni og inntak. Í báðum tilfellum er afar mikilvægt að þær verði fléttaðar saman við og kenndar í tengslum við listir og sköpun. Það er mikilvægt til að efla námshvöt, að námið verði nemendum merkingarbært og að þeir geti unnið út frá sínum styrkleikum og hæfileikum líka í bóklegum greinum.

Kennslufræðilega er því verið að tala um aðra nálgun. Einungis þannig er hægt að koma til móts við nemendur og (hugsanlega) draga úr brottfalli. Þessi tilhögun er önnur en sú sem en þekkist í dag í skólum sem bjóða upp á listabrautir þar sem aðgreining er á milli listgreina og almennra bóknámsgreina og lítil samþætting á milli.

Í ljósi þess sem við vitum um val nemenda og áhrifa foreldra er síður ráðlegt að ráðast í uppbyggingu sérstaks framhaldsskóla í skapandi greinum. Það mælir líka á móti því að á þessum árum (16+) sem flestir nemendur eru í framhaldsskóla, eru þeir mjög háðir félögum og vilja fylgja straumnum. Þeir mundu því hugsanlega hika við að fara í slíkan sérskóla sextán ára.

Viðaukar

Viðauki 1: Nám í boði á kjörsviðum listnámsbrauta á framhaldsskólastigi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Myndin sýnir með gulum reitum á hvaða kjörsviði listnámsbrauta námsframboð hvers skóla liggur.

Kjörsvið listnámsbrauta á framhaldsskólastigi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla								
Skólar á höfuðborgarsvæðinu	Myndlist	Tónlist	Klassískur listdans	Núttímadans	Almenn hönnun	Handverks-hönnun	Margmiðlunar-hönnun	Annað
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Myndlistar-kjörsvið				Textil og fatahönnunar-kjörsvið	Eins árs handiðabaut		
Menntaskólinn við Hamrahlíð		Tónlistarbraut úr viðurkenndum tónlistarskóla	Listdansbraut þjónustusamningur við sérskóla	Listdansbraut þjónustusamningur við sérskóla				
Fjölbraut í Garðabæ	Listnámsbraut: Myndlistarsvið	Listnámsbraut: tónlistarsvið			Listnámsbraut: fata og textil hönnunarsvið			Listnámsbraut: Leiklistarsvið Hönnunar- og markaðsbraut
Borgarholtsskóli							Lista- og fjölmíðlasvið: Prent og skjámiðlun eða Fjölmíðlataekni	
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ								Listabraut
Kvennaskólinn í Reykjavík	Sjónlistadeild Samstarf við Myndlistaskólann í RVK							
Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins					Hönnunar og handverksskólinn: Hönnunarbraut Fataiðnbraut Gull- og silfursmíðabraut Mötun - diplómanám	Hönnunar og handverksskólinn Keramikkjörsvið í samstarfi við Myndlistaskólann í RVK	Margmiðlunarskólinn	
Iðnskólinn í Hafnarfirði					Listnám, kjörsvið almenn hönnun			
Menntaskólinn í Kópavogi								Nám úr viðurkenndum listaskóla - skráning í samráði við áfangastjóra
Flensborgarskólinn								Félagsfræðabraut - listnámsvið 24 einingar í kjörsvið eða val ef nemandi stundar nám við viðurkenndan listnámskóla.
Fjölbrautaskólinn við Ármúla								Nýsköpunar- og listabraut 4 annir list- og starfnám List-hönnunar-nýsköpunarlína og kvikmyndalína
Menntaskólinn í Reykjavík								
Menntaskólinn við Sund								
Verzlunarskóli Íslands								
Listdansskólar								
Tónlistarskólar								
Kvikmyndaskóli Íslands								
Ljósmyndaskóli Íslands								

Viðauki 2: Skráðir nemendur á framhalds- og viðbótarstigi eftir skólum á höfuðborgarsvæðinu og tegund náms.

Tölurnar eru samkvæmt flokkun Hagstofu Íslands á listum árin 2009-2011. Hagstofa Íslands flokkar nám samkvæmt íslensku náms- og menntunarflokkuninni, ÍSNÁM2008, sem byggð er á alþjóðlegu flokkunarkerfi menntunar, ISCED97. Flokkur 210x eru flokkar lista. Ákveðið var að taka með tölur um handíðabraut (814b), hönnunar- og markaðsbraut til stúdentsprófs (010í), út frá viðmiðum um kjörsvið samkæmt aðalnámskrá um listnámsbrautir, sem og viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum (010i) þar sem hluti þeirra sem taka listnámsbrautir er skráður á þá braut. Setja skal því fyrirvara um tvítalningu í tölunum¹⁶.

Skóli á framhaldsskólastigi	Flokkun námsbrauta	2009	2010	2011
Borgarholtsskóli	210a Listir - breiðar námsleiðir	151	131	134
Fjölbautaskólinn í Breiðholti	814b Handíðabraut	71	76	79
	210a Listir - breiðar námsleiðir	207	200	253
	010i Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	33	21	61
Fjölbautaskólinn í Garðabæ	010í Hönnunar- og markaðsbraut til stúdentsprófs	0	0	15
	210a Listir - breiðar námsleiðir	148	155	154
	010i Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	8	4	31
Fjölbautaskólinn við Ármúla	010i Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	7	26	17
Flensborgarskóli	213a Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, grunnnám	38	35	40
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	210a Listir - breiðar námsleiðir	6	12	34
Iðnskólinn í Hafnarfirði	210a Listir - breiðar námsleiðir	140	128	120
	214b Útstillingabraut	24	12	0
Menntaskólinn í Kópavogi	210a Listir - breiðar námsleiðir	3	1	2
	010i Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	4	1	1
Myndlistaskólinn í Reykjavík	211a Myndlist	22	48	79
	215f Textill	0	12	12
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins	215a Gull- og silfursmiði	28	33	24
	213i Hljóðtækni	12	16	13
	210a Listir - breiðar námsleiðir	168	117	123
	213c Ljósmyndun	21	12	14
	215g Mótun	0	38	26
	213d Prentsmið/grafísk miðlun	27	22	30
	213e Prentun	4	3	2
	213a Upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, grunnnám	242	205	174
	010i Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	23	23	33
Menntaskólinn við Hamrahlöð	010e Listdansbraut til stúdentsprófs	0	0	40
	210a Listir - breiðar námsleiðir	31	38	0
Danslistarskóli JSB	212f Listdans	67	67	61
Klassíski listdansskólinn	212f Listdans	25	17	20
Listdansskóli Íslands	212f Listdans	47	46	60
Kvikmyndaskóli Íslands	213g Kvikmyndagerð	132	144	98
Tónlistarskólar (ath allt landið)	212a Hljóðfærarleikur	415	448	484
	212b Söngur	106	110	116
Samtals 210a Listir - breiðar námsleiðir		854	782	820
Samtals		2210	2201	2350

¹⁶ Tölur um skráða nemendur eru ekki að öllu leyti sambærilegar við endanlegar tölur úr nemendaskrá Hagstofunnar. Í tölunum eru nemendur sem stunda nám í tveimur skólum, í bæði dagskóla og kvöldskóla eða á tveimur námsbrautum tvítaldir en í nemendaskrá Hagstofunnar er hver nemandi aðeins talinn einu sinni. Aðferðir og flokkun á vefsíðunni Skólalám (<http://www.hagstofa.is/Hagtolur/Skolamal>). 2009: Tvítalningar í tölum um nemendur á framhalds- og viðbótarstigi eru um 8,0%. 2010: Tvítalningar í tölum um nemendur á framhalds- og viðbótarstigi eru um 7,0%. 2011: Tvítalningar í tölum um nemendur á framhalds- og viðbótarstigi eru um 7,7%.

Viðauki 3: Stuttar lýsingar á námsleiðum í listum á framhaldsskólastigi.

Hagstofa Íslands hefur ekki birt skráningu á nemendafjölda eftir skólum og námsbrautum fyrir árin 2012 og 2013. Tölur sem gefnar eru upp í lýsingu á brautunum eru fengnar úr ársskýrslum skólanna, og í einhverjum tilfellum með svörum við fyrirspurnum gegnum símtöl og tölvupósta. Tölurnar eru ekki samanburðarhæfar vegna ólíkrar aðferðafræði í framsetningu upplýsinga í ársskýrslum skóla og gagnaöflun skóla. Samanburðarhæfar tölur fyrir 2012 og 2013 verða fáanlegar við birtingu skráningar Hagstofu Íslands.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Eftir endurskipulagningu og endurskoðun listnámsbrautar Fjölbrautaskólans í Breiðholti yfir í nýtt kerfi býður skólinn uppá þriggja ára listnámsbraut. Þar er hægt að velja á milli tveggja kjörsviða; myndlistarkjörsviðs, og textíl- og fatahönnunarkjörsviðs, sem lýkur með stúdentsprófi, auk eins árs handíðabrautar. Samkvæmt ársskýrslu Fjölbrautaskólans í Breiðholti 2012 stunduðu 18,2% af nemendum skólans árið 2010 listnám (handíðabraut og listnámsbraut), 18,8% árið 2011, og 19,4% árið 2012. Það er því aukning uppá 1,2% síðustu þrjú árin í listnámi í FB. Hlutfall útskrifaðra af listnámsbraut var 12,5% árið 2010, 14,0% árið 2011 og 14,3% árið 2012¹⁷. Inntökuskilyrði á listnámsbraut eru sambærileg og á aðrar brautir skólans, innritunargjöld þau sömu, en einhver efniskostnaður í verklegum fögum.

Menntaskólinn við Hamrahlíð

Haustið 2012 var í fyrsta sinn innritað í Menntaskólann við Hamrahlíð samkvæmt nýju námskránni. Skólinn býður uppá tónlistarbraut og listdansbraut skv. henni. Nemendur stunda bóklegt og verklegt nám samtímis, tónlistar- og listdanskennsla fer fram utan skólans í viðurkenndum sérskólum. Samkvæmt sjálfsmatsskýrslu skólans árið 2012 stunduðu 3% nemenda við skólann nám á listdansbraut¹⁸. Haustið 2013 voru 53 nemendur í námi á listdansbraut, og þar af voru tíu nemendur einnig á bóknámsbraut, þ.e. stunduðu nám á tveimur brautum. Fimm nemendur útskrifuðust af listdansbraut 2013, og sjö nemendur árið 2012. Tónlistarbraut var aftur tekin upp haustið 2013, samkvæmt

¹⁷ Ársskýrsla Fjölbrautaskólans í Breiðholti 2012: <http://www.fb.is/wp-content/uploads/2013/05/arsskyrsla-FB-2012.pdf>

¹⁸ Sjálfsmatsskýrsla MH 2012: <http://www.mh.is/static/files/sjalfsmatsskyrsla-2012.pdf>

umbótaáætlun skólans sem féll að áherslum nýrrar námskrár. Einungis eru nemendur fæddir 1997 skráðir á nýju tónlistarbrautina sem stendur¹⁹.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ hefur auk hefðbundins bóknáms og starfsnáms lagt sérstaka áherslu á listnám. Í úttekt frá 2013 á starfsemi skólans fyrir mennta – og menningarmálaráðuneyti kemur fram að athygli veki mikil uppbygging listnámsbrauta sem hefur laðað að nemendur víða að²⁰. Námið er skipulagt sem þriggja ára námsbraut en þó gefst kostur á að bæta við einingum í bóklegum greinum og afla sér þar með almennra réttinda til náms á háskólastigi. Í úttektinni eru tækifæri skólans meðal annars talin liggja í að verða leiðandi í listgreinum. Vorið 2011 voru 29 nemendur skráðir í nám á listnámsbraut, 15 útskrifaðir, haustið 2011 voru 50 nemendur skráðir og 9 útskrifaðir, vorið 2012 26 skráðir og 15 útskrifaðir, haustið 2012 voru 49 skráðir og 20 útskrifaðir²¹. 152 nemendur stunduðu nám á listnámsbraut vorið 2013 eða rúmlega 19% nemenda skólans.

Borgarholtsskóli

Námsframboð í Borgarholtsskóla er mjög fjölbreytt. Listnámsbraut lýkur með listnámsbrautarprófi sem tekur að jafnaði þrjú ár (105 einingar). Í kjarna eru bóklegar greinar framhaldsskóla, kjarnagreinar listnámsbrautar auk sérgreina margmiðlunarhönnunar. Nemendur velja síðan annað tveggja kjörsviða í margmiðlunarhönnun: Prent- og skjámiðlun, eða fjölmiðlatækni. Að listnámsbrautarprófi loknu eiga nemendur þess kost að taka viðbótarnám til stúdentsprófs, 35 einingar, á einu ári. Á vorönn 2013 voru tæplega 13% nemenda dagskóla Borgarholtsskóla á list- og fjölmiðlasviði²².

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

¹⁹ Upplýsingar frá Sigurborgu Matthíasdóttur, konrektor MH, jan. 2014.

²⁰ Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Árný Elíasdóttir og Ragnhildur Þórarinsdóttir. 2013. Bls. 5.
<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=335F43DB4A677FE300257BEA00494536&action=openDocument>

²¹ Upplýsingar frá skrifstofu skólans jan. 2014.

²² Úttekt á starfsemi Borgarholtsskóla. Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. 2013. Bls. 21.
<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=EDC759DC8A554E4A00257C050058C3ED&action=openDocument>

Listabraut Framhaldsskólans í Mosfellsbæ er 90 framhaldsskólaeiningar, meðalnamstími er þrjár til fjórar annir, og lýkur henni ekki með formlegu prófi. Á brautinni er lögð áhersla á kjarnagreinar og sérgreinar í listum og handverksgreinum, s.s. myndlist, leiklist, tónlist, textíl og hönnun. Skólinn var stofnaður haustið 2009, og var gerð úttekt á starfsemi hans fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti árið 2013²³. Þar kemur fram að hlutur félags- og hugvísindabrautar hefur vaxið jafnt og þétt og hún ber skólann uppi með 50% nemenda á vorönn 2013. Í úttektinni er bent á að athyglisverður þyki góður hlutur listnámsbrautar, en jafnframt verulega umhugsunarvert hversu erfitt uppdráttar náttúruvísindabraut hefur átt, sú braut sem upphaflega var ætlað að verða einkennisbraut skólans. Haustið 2010 voru níu nemendur skráðir á listnámsbraut, 14 nemendur vorið 2011, 29 nemendur haustið 2011, 35 nemendur vorið 2012, 41 nemandi haustið 2012 eða 16,4% nemenda²⁴, og 33 nemendur vorið 2013²⁵. Langflestir af þeim nemendum sem hafa verið á listabraut taka stúdentspróf af annað hvort félags- og hugvísindabraut eða náttúruvísindabraut samhliða listabrautinni. Tveir nemendur hafa útskrifast af listabraut með 90 fein²⁶.

Myndlistaskólinn í Reykjavík og Kvinnaskólinn í Reykjavík

Árið 2011 fóru Myndlistaskólinn í Reykjavík og Kvinnaskólinn í Reykjavík í samstarf um tveggja ára nám í sjónlistadeild við Myndlistaskólann. Ástæða þess að Kvinnaskólinn varð samstarfsaðili Myndlistaskólans var sú að Kvinnaskólinn var kominn lengst af skólum á framhaldsskólastigi í að laga sína námskrá að nýrri aðalnámskrá framhaldsskóla. Öllum nemendum á framhaldsskólastigi sem lokið hafa fyrsta ári í framhaldsskóla gefst kostur á þessu námi, og þeir geta þreytt inntökupróf í sjónlistadeildina²⁷. Deildin var stofnuð sumarið 2011 og er um tveggja ára námsbraut að ræða sem lýkur með sérhæfðu stúdentsprófi frá

²³ Úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ: Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. 2013. <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=16300A57112AFC5900257BE200570E04&action=openDocument>

²⁴ Ársskýrsla skólans 2012: <http://www.fmos.is/skolinn/arsskyrslur/2012/>

²⁵ Úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ: Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson. 2013. Bls. 9. <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=16300A57112AFC5900257BE200570E04&action=openDocument>

²⁶ Skv. Guðnýju Guðjónsdóttur, aðstoðarskólameistara Framhaldsskólans í Mosfellsbæ.

²⁷ Námskrá Myndlistaskólans í Reykjavík:

http://www.myndlistaskolinn.is/files/pdf_skjol/Drog%20ad%20endurskodadri%20namskra%20listnamsbraut%202011%20%285%29.pdf

listnámsbraut²⁸. Ný skólanámskrá Myndlistaskólans var fullgerð í árslok 2012. Próaðir voru nýir áfangar í tengslum við sjónlistadeild, og þeir hafðir í takt við nýja aðalnámskrá framhaldsskóla. Nemendur á tveggja ára braut sjónlistadeildar greiða 160.000 kr. í skólagjöld fyrir skólaárið.

Nemendakvótinn sem skólinn hafði fyrir brautina var um 30 nemendaígildi, sem ákveðið var að dreifa á sitt hvort árið, frekar en að taka alla inn á fyrsta ári og næsta hóp tveimur árum síðar. Sumarið 2012 var í annað sinn tekið inn í námið og samtals sóttu 75 nemendur um 35 pláss, þ.e. 15 pláss (30 nemendaígildi dreift á tvö ár) á sjónlistabraut, og jafn margir í eins árs námið sem ætlað er þeim sem lokið hafa stúdentsprófi. Nokkrir nemendur voru teknir inn á seinna árið þar sem pláss hafði opnast vegna brottfalls²⁹. Við inntöku nýrra nemenda er horft til eftirfarandi þátta: fyrri skólagöngu, umsóknar þar sem fram kemur áhugi og störf utan skólans (t.d. uppsetning á sýningum, þátttaka í list- og félagsstarfi, ferðalög og lengri dvöl erlendis), og niðurstöðu inntökuprófs þar sem prófað er í þremur þáttum; teikningu, meðferð á lit og skapandi og frjóum vinnubrögðum. Þessir þrír þættir skipta allir álíka máli – en eru metnir saman, til dæmis ef nemandi sýnir afburða vinnubrögð en hefur ekki góðan vitnisburð úr fyrra námi er horft á umsóknina og viðkomandi jafnvel tekinn í viðtal³⁰.

Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins

Hönnunar- og handverksskóli Tækniskólans, skóla atvinnulífsins, býður upp á námsbrautir sem fela í sér undirbúning fyrir áframhaldandi nám á háskólastigi í hönnun, handverki eða listum, eða sérhæfingu í löggiltri faggrein. Námið á kjörsviðum hönnunarbrautar er þriggja ára undirbúningsnám á framhaldsskólastigi með útskrift af hönnunarbraut, 21-24 sérhæfðar einingar. Nemendur geta jafnframt lokið stúdentsprófi með viðbótarnámi í almennum bóklegum námsgreinum.

Námsleiðir sem í boði eru í Hönnunar- og handverksskólanum eru hönnunarbraut, fataiðnbraut, gull- og silfursmíðabraut, og diplómanám í mótun, teikningu eða textíl. Keramikkjörsvið á hönnunarbraut er unnið í samstarfi við Myndlistaskólann í Reykjavík, þ.e. hluti námsins, 21 eining, er kenndur á einni önn í samfelldu námi á keramikverkstæði Myndlistaskólans í Reykjavík.

²⁸ Námsvísir sjónlistadeildar MÍR: http://www.myndlistaskolinn.is/efni/namsvisir_sjonlistadeildar_1_og_2

²⁹ Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík. jan.2014.

³⁰ Ingibjörg Jóhannsdóttir, skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík. jan.2014.

Iðnskólinn í Hafnarfirði

Iðnskólinn í Hafnarfirði býður upp á fjölbreytt nám í iðngreinum og einnig listnám með kjörsvið í almennri hönnun. Almenn hönnun er skilgreind sem þrívíddarhönnun, undirstaða fjöldaframleiðslu og hönnunarrýmis. Námið er grunnur að frekara hönnunarnámi í sérskólum eða á háskólastigi, og er að jafnaði þrjú ár en nemendur með stúdentspróf geta lokið því á tveimur árum.

Tónlistarskólar

Einkennandi fyrir íslenska listmenntun er hið umfangsmikla kerfi tónlistarskóla sem starfar til hliðar við hið almenna skólakerfi og er stutt af sveitarfélögum. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu reka öll, nema Kjósarhreppur, tónlistarskóla. Í Reykjavík hafa verið gerðir 18 þjónustusamningar við einkarekna tónlistarskóla sem eru sjálfstætt starfandi en njóta styrkja frá borginni. Reykjavíkurborg starfrækir einn tónlistarskóla á Kjalarnesi. Í Kópavogi eru þrír tónlistarskólar. Í Garðabæ eru tveir tónlistarskólar (annar á Álftanesi). Í Hafnarfirði er starfræktur einn tónlistarskóli.

Frá stofnun Listaskóla Mosfellsbæjar árið 2006 kallast Tónlistarskóli Mosfellsbæjar tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar. Mosfellsbær er eina sveitarfélagið sem farið hefur þá leið að stofna nokkurs konar regnhlíf yfir listastarfsemi í sveitarfélaginu, en Listaskólinn samanstendur af tónlistardeild, skólahljómsveit, myndlistaskóla og leikfélagi. Skólinn heyrir undir fræðslusvið bæjarins og fræðslunefnd fer með málefni skólans fyrir hönd bæjarstjórnar. Allar stofnanir Listaskólans nema tónlistardeildin eru reknar sem sjálfstæðar einingar og gerðir hafa verið samstarfssamningar við þær. Markmið Listaskólans er að samþætta starfsemi þessara stofnana og tryggja tengsl milli þeirra. Listaskólinn leggur áherslu á að starfsemi Listaskólans sé fléttuð verði saman við grunn- og leikskóla³¹. Samkvæmt skólastjóra Listaskóla Mosfellsbæjar hefur margt af því sem lagt var upp með við stofnun skólans gengið eftir, annað ekki vegna verulegs niðurskurðar frá 2009³². Til dæmis var skólinn með kennara í 50% starfi í leikskólunum 2006-2008 semfór á milli skóla og var með hópkenndu fyrir fimm ára nemendur þeim að kostnaðarlausu. Staðan var skorin niður árið 2009. Þá hefur skólinn verið í samstarfi við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ, bæði með

³¹ Listaskóli Mosfellsbæjar: <http://www.listmos.is/UmlistaskolaMosfellsbaejar/>

³² Atli Guðlaugsson, skólastjóri Listaskóla Mosfellsbæjar, janúar 2014.

nemendur í einkakennslu, kennari frá skólanum hefur kennt námsáfangna við framhaldsskólann og nýtt aðstöðu Listaskólans til þess.

Í áðurnefndri skýrslu frá 2011, *List- og menningarfræðsla á Íslandi*, er lagt til að tónlistarskólar vinni nánar með nálægum grunnskólum, en jafnframt bent á að sífellt fleiri tónlistarskólar séu í samvinnu við grunn- og framhaldsskóla. Almennur vilji sé fyrir meiri samvinnu grunnskóla og skóla sem starfa utan skólatíma því að gagnkvæmt hagræði sé augljóst. Þó sé opinber afstaða FÍH sú að tónlistarnám sé betur komið í sérstökum tónlistarskólum, m.a. vegna aðstöðu og kjaramála (Bamford, 2011, s. 46).

Listdansskólar

Þrjár listdansskólar starfa sem viðurkenndir einkaskólar á framhaldsskólastigi og starfa á grundvelli samstarfs við listdansbraut Menntaskólans við Hamrahlíð: Dansskóli JPK, Klassíski listdansskólinn og Listdansskóli Íslands. Athyglisvert er eignarhald félagsins Dansmennt ehf. á einum dansskólanna, Listdansskóla Íslands, en það er einkahlutafélag í eigu Listaháskóla Íslands. Félagið hefur það eina hlutverk að reka Listdansskóla Íslands, sem áður var rekinn á vegum ríkisins. Samkvæmt ársskýrslu Listaháskóla Íslands 2013 hafa stjórn Dansmenntar og stjórn LHÍ lýst því yfir að orðið sé tímabært að skoða breytingar á eignarhaldi félagsins og þá um leið breytingu á stjórnun rekstrar Listdansskólans. Þá er vísað til þess að það sé ekki hlutverk háskólastofnunar að reka nám á lægri stigum³³.

Í skýrslu Félags íslenskra dansara sem kom út árið 2013, *Listdanskennsla á Íslandi – staða, umfang, framtíðarmöguleikar*, er bent á að fjöldi iðkenda hafi vaxið síðustu ár³⁴. Í skýrslunni er bent á að fjármögnun og heildstæðari uppbyggingu til framtíðar vanti, og enn fremur að hið opinbera styrki listdans með framlagi til listdansskóla sem starfa eftir námskrá á framhaldsskólastigi og bráðabirgðastyrki á grunnskólastigi en sveitarfélög styrki ekki listdansnám sérstaklega. Kallað er eftir auknu samráði ríkis og sveitarfélaga og bent á að ef miðað er við þjónustusamninga milli sveitarfélaga og tónlistarskóla og í myndlist

³³ Ársskýrsla Listaháskóla Íslands 2013: http://lhi.is/media/filer_private/2013/11/07/arsskyrsla20122013vefur.pdf

³⁴ Katrín Gunnarsdóttir, Listdanskennsla á Íslandi, 2013, Félag íslenskra listdansara.

ættu listdansskólar sem uppfylla kröfur á sambærilegan hátt að eiga möguleika á að hljóta fjármögnun frá viðkomandi sveitarfélagi³⁵.

Kvikmyndaskóli Íslands

Kvikmyndaskóli Íslands er einkaskóli með viðurkenningu um framhaldsskólastig frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Námið er fjórar annir, í boði eru fjórar brautir og eru 12 nemendur á hverri braut, hverja önn. Samkvæmt skólanum skulu umsækjendur í allar deildir skólans þó hafa lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Skólagjöld eru 700.000 kr. á önn.

Ljósmyndaskólinn

Ljósmyndaskólinn er einkaskóli með viðurkenningu um framhaldsskólastig frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Inntökuskilyrði er þó að hafa lokið námi í framhaldsskóla eða öðru sambærilegu námi. Námið er fimm annir, og hver önn 30 framhaldsskólaeiningar. Skólagjöld eru 650.000 kr. á önn.

³⁵ Katrín Gunnarsdóttir, Listdanskennsla á Íslandi, 2013, bls. 8.

Viðauki 4: Listi yfir úr hvaða framhaldsskóla eða námi núverandi nemendur í Listaháskóla Íslands koma.

Núverandi nemendur LHÍ og upplýsingar um úr hvaða framhaldsskólum þeir komu

Skóli	Fjöldi í %
* Enginn af neðangreindum skólum	26,5%
Borgarholtsskóli	3,1%
Fjölbrotask. Norðurl. vestra, Sauðár	0,2%
Fjölbrotaskóli Suðurlands	0,6%
Fjölbrotaskóli Suðurnesja	0,6%
Fjölbrotaskóli Vesturlands	0,8%
Fjölbrotaskólinn í Breiðholti	9,4%
Fjölbrotaskólinn í Garðabæ	3,6%
Fjölbrotaskólinn við Ármúla	1,3%
Flensborgarskólinn	1,7%
Framhaldsskólinn á Laugum	0,2%
Iðnskólinn í Hafnarfirði	0,4%
Iðnskólinn í Reykjavík	2,1%
Kvinnaskólinn í Reykjavík	5,6%
Menntaskóli Borgarfjarðar	0,2%
Menntaskólinn að Laugarvatni	0,4%
Menntaskólinn á Akureyri	4,6%
Menntaskólinn á Egilsstöðum	1,3%
Menntaskólinn á Ísafirði	0,2%
Menntaskólinn í Kópavogi	2,3%
Menntaskólinn í Reykjavík	5,4%
Menntaskólinn við Hamrahlíð	18,8%
Menntaskólinn við Sund	2,5%
Myndlistarskólinn í Reykjavík	0,6%
Tækniskóli Íslands	1,0%
Verkmenntaskóli Austurlands	0,2%
Verkmenntaskólinn á Akureyri	0,6%
Verzlunarskóli Íslands	5,6%

100,0%

Skólar með yfir 5% nem í LHÍ	
MH	18,80%
FB	9,40%
Kvinnó/Versló	5,60%
MR	5,40%

Heimildaskrá

Anderson, K., & Overy, K. (2010). Engaging Scottish young offenders in education through music and art. *International Journal of Community Music*, 3(1), 47–64. doi:10.1386/ijcm.3.1.47/1

Ása Richardsdóttir. (2012). *Skapandi greinar – sýn til framtíðar*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir. (2013). *Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Árný Elíasdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir. (2011). *Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans við Hamrahlíð*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Bamford, Anne. (2011). *List- og menningarfræðsla á Íslandi*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Blondal, K. S., & Adalbjarnardóttir, S. (2009). Parenting practices and school dropout: a longitudinal study. *Adolescence*, 44(176).

Blondal, K. S., & Adalbjarnardóttir, S. (2012). Student Disengagement in Relation to Expected and Unexpected Educational Pathways. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 56(1), 85–100. doi:10.1080/00313831.2011.568607

Blondal, K. S., Jónasson, J., & Tannhäuser, A.-C. (2010). Dropout in a Small Society: Is the Icelandic Case Somehow Different? (pp. 233–251). Dordrecht: Springer Netherlands. doi:10.1007/978-90-481-9763-7_13

Bragi Guðmundsson, Trausti Þorsteinsson. (2013). *Úttekt á starfsemi Borgarholtsskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Bragi Guðmundsson, Trausti Þorsteinsson. (2013). *Úttekt á starfsemi Framhaldsskólans í Mosfellsbæ*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Burton, J. M., Horowitz, R., & Abeles, H. (2000). Learning in and through the arts: The question of transfer. *Studies in Art Education*, 228–257.

Catterall, J. S., Dumais, S. A., & Hapden-Thompson, G. (2012). The Arts and Achievement in At-Risk Youth: Findings from Four Longitudinal Studies (No. 55) (pp. 1–28). National Endowment for the Arts. Retrieved from <http://files.eric.ed.gov/fulltext/ED530822.pdf>

Elfa Hrönn Guðmundsdóttir, Sölvi Sveinsson (2005). *Erindi um framvarp til laga um listmenntaskóla*. Reykjavík: Alþingi Íslands (<http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=135&dbnr=1049>)

Esterberg, K. G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill Education.

Gaztambide-Fernandez, R. A. (2013). Why the Arts Don't Do Anything: Toward a New Vision for Cultural Production in Education. *Harvard Educational Review*, 83(1), 211–236.

Harland, J., Kinder, K., Lord, P., Stott, A., Schagen, I., Haynes, J., et al. (2000). Arts Education in Secondary Schools: Effects and Effectiveness. National Foundation for Educational Research. Retrieved from <http://www.nfer.ac.uk/nfer/publications/EAJ01/EAJ01.pdf>

Hagstofa Íslands. (2013 og 2014). Tölur um brottfall nemenda úr framhaldsskólum og skráða nemendur í listnáám 2000 og 2003 unnar af Hagstofu Íslands. Af vef Hagstofu: Tölur um skráða nemendur á framhaldsskólastigi og viðbótarstigi eftir skólum 2009-2011. www.hagstofa.is

Hjálmar Ragnarsson. (2005). *Menntaskóli listanna. Um framtíð listmenntunar á framhaldsskólastigi*. Reykjavík: Morgunblaðið. 31. október 2005.

Inga Þórey Jóhannsdóttir. (2012). *Myndlistaskólinn í Reykjavík. Mat á námi í sjónlistadeild*. Reykjavík: Myndlistaskólinn í Reykjavík.

Ingibjörg Kristinsdóttir. (2009). *Framhaldslíf eftir Listaháskóla Íslands. Útskriftarhópur 2003 og 2006*. Reykjavík: Listaháskóli Íslands.

Katrín Gunnarsdóttir (2013) *Listdanskennsla á Íslandi*. Reykjavík: Félag íslenskra listdansara.

Merriam, S. B. (2009). *Qualitative research*. Jossey-Bass Inc Pub.

Olga Sveinbjörnsdóttir. (2012). *Val 10. bekkinga á námsbrautum í framhaldsskóla. Val, viðhorf, væntingar nemenda í ljósi búsetu*. Auðkenni: <http://skemman.is/handle/1946/12786>

Rinne, L., Gregory, E., Yarmolinskaya, J., & Hardiman, M. (2011). Why Arts Integration Improves Long-Term Retention of Content. *Mind, Brain, and Education*, 5(2), 89–96.

Smithrim, K., & Upitis, R. (2005). Learning Through the Arts: Lessons of Engagement. *Canadian Journal of Education*, 28(1), 109–127.

Svanhildur Svavarsdóttir. 2010. *Á hverju byggja 10. bekkingar val sitt á framhaldsskólanámi?* Auðkenni: <http://skemman.is/handle/1946/4774>

Ársskýrslur og námskrár:

Aðalnámskrá mennta- og menningarmálaráðuneytis. 2011.

(<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>)

Ársskýrsla Fjölbrotaskólans í Breiðholti 2012. Reykjavík.
(<http://www.fb.is/wp-content/uploads/2013/05/arsskyrsla-FB-2012.pdf>)

Ársskýrsla Framhaldsskólans í Mosfellsbæ. 2012.
(<http://www.fmos.is/skolinn/arsskyrslur/2012/>)

Ársskýrsla Listaháskóla Íslands 2013:
http://lhi.is/media/filer_private/2013/11/07/arsskyrsla20122013vefur.pdf

Námskrá Myndlistaskólans í Reykjavík:
http://www.myndlistaskolinn.is/files/pdf_skjol/Drog%20ad%20endurskodadri%20namskra%20listnamsbraut%202011%20%285%29.pdf

Námsvísir sjónlistadeildar Myndlistaskólans í Reykjavík. 2013.
http://www.myndlistaskolinn.is/efni/namsvisir_sjonlistadeildar_1_og_2